

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 21. maí 2019 í máli nr. S-299/2018:

Ákærvaldið

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn:

X

(*Eggert Páll Ólason lögmaður*)

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 28. mars 2019, að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 24. maí 2018, á hendur „X, kt. 000000-000, [...], [...], fyrir nauðgun og brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa á tímabilinu frá mars 2015 til byrjunar árs 2017 sýnt af sér lostugt athæfi og sært blygðunarsemi Y er hann beitti hana blekkingum og nýtti sér villu hennar um að hann væri A í samskiptum þeirra á milli, í gegnum samskiptaforritið Snapchat, í þeim tilgangi að eiga í kynferðislegum samskiptum við hana og brjóta gegn henni sem hér greinir:

1. Fengið hana til að senda sér kynferðislegar myndir af henni sjálfri.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

2. Þvingað hana til kynferðislegra samskipta við aðra karlmenn, sem fólust meðal annars í því að kyssa, hafa samræði um leggöng og stunda önnur kynferðismök með mönnunum og láta hana taka upp og senda sér myndir, myndupptökur eða hljódupptökur af framangreindum samskiptum, með því að hóta að birta opinberlega kynferðislegar myndir af Y sjálfri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

3. Í tvö skipti, að kvöldi 9. nóvember 2015 og að kvöldi 13. mars 2016, mælt sér mót við hana á [...] við [...] í [...] og eftir að hún kom þangað bundið fyrir augu hennar þannig að hún sá ekki hver hann var og haft samræði við hana um leggöng og þannig nýtt sér það að hún var í villu um hver hann raunverulega var.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. áður 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu Y kt. 000000-0000, er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni kr. 2.000.000 í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. nóvember 2015 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að krafa þessi er birt sakborningi en frá þeim degi er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar tilnefndum og síðar skipuðum réttargæslumanni til handa sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.“

## II

Verjandi ákærða skilaði greinargerð í málinu 23. nóvember 2018. Þar var aðallega gerð kafa um að málinu yrði vísað frá dómi en til vara var krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds og til þrautavara vægustu refsingar er lög leyfa og ef til fangelsisrefsingar kæmi að hún yrði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá var þess krafist að sakarkostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, hver sem úrslit málsins yrðu.

Með úrskurði dómens 7. desember 2018 var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Undir rekstri málsins var og kveðinn upp úrskurður um að ákærði skyldi víkja úr dómsal meðan brotaþoli gæfi skýrslu.

## III

Upphaf máls þessa er að rekja til þess að brotaþoli, Y, leitaði í fylgd vinnuveitanda síns til Bjarkarhlíðar, miðstöðvar þolenda ofbeldis, 4. maí 2017 vegna kynferðisofbeldis sem brotaþoli kvaðst hafa orðið fyrir af hálfu nafngreinds pilt, A, sem hún hafði verið í sambandi við á tímabili. Lýsti brotaþoli þar samskiptum sínum við piltinn gegnum samskiptaforritið Snapchat og hvað hann hefði fengið hana til að gera. Brotaþoli leitaði til lögreglu daginn eftir, 5. maí 2017, og gaf skýrslu um málið. Kvað brotaþoli þessi samskipti sín og piltens, A, hafa staðið frá því í mars 2015.

Við rannsókn málsins kom í ljós að á bak við auðkenni, sem brotaþoli hafði verið í samskiptum við á Snapchat og taldi vera auðkenni A, reyndist vera annar einstaklingur, þ.e. ákærði, X. Var brotaþoli upplýst um það og síðar í framhaldi af því var ákæra sú er mál þetta varðar, gefin út á hendur ákærða.

Meðal rannsóknargagna er skýrsla frá Bjarkarhlíð um upphaf málsins, skýrslur sem teknar voru af brotaþola, ákærða og vitnum við rannsókn málsins, matsgerð J sálfræðings á þroska- og heilbrigðisástandi brotaþola og síma- og netgögn frá ákærða og brotaþola.

## IV

### *Skýrslur fyrir dómi*

Ákærði lýsti kynnum sínum af brotaþola þannig fyrir dómi að þau hefðu kynnst í framhaldsskóla og orðið vinir. Einu og hálfu ári síðar hefðu þau hafið samskipti gegnum samskiptaforritið Snapchat, þar sem hann hefði notast við auðkennið „A2“. Aðspurður hvers vegna hann hefði notað nafn annars manns í samskiptum við brotaþola kvað ákærði það hafa verið hugsunarlaust grín. Hann hefði valið auðkennið „A2“ beinlínis til þess að brotaþoli héldi að hún væri í samskiptum við A. Það auðkenni hefði hann aðeins notað í samskiptum við brotaþola.

Ákærði kvaðst síðar hafa eytt þessu auðkenni og stofnað annað, „K“, þar sem honum hefði fundist líklegt að brotaþoli hitti á A sjálfan og þá hefði komist upp um sig. Þá hefði brotaþoli um það leyti stofnað auðkennið „K-2“ á Snapchat og þau hefðu átt samskipti gegnum þessi auðkenni nánast daglega þegar komið var fram í árslok 2015, byrjun árs 2016. Hefði brotaþoli þar iðulega sett inn nektarmyndir af sér. Ákærði kvað samskipti sín og brotaþola undir þessum auðkennum aðeins hafa verið opin og notuð fyrir samskipti milli sín og brotaþola. Sjálfur hefði hann almennt notast við annað auðkenni á samskiptamiðlinum. Aðspurður hvers vegna hann kaus að halda þessum samskiptum áfram kvað ákærði þau hafa komist upp í vana auk þess sem hann hefði óttast afleiðingar þess að upp um sig kæmist. Kvaðst ákærði hafa komið fram sem sami „karakter“ undir auðkenninu „K“ og undir auðkenninu „A2“. Hann hefði sagst vera að vinna í [...] og eiga kærustu sem hétu [...]. Ákærði kvaðst hafa gert sér grein fyrir því að brotaþoli teldi að hún ætti í samskiptum við annan mann en sig, nefndan A, en kvaðst telja að brotaþoli hefði ekki verið viss.

Ákærði kvað að undir lok samskipta sinna við brotaþola undir auðkenninu „K“ hefði hann sagst berum orðum vera A. Það hefði hann gert eftir að hann komst að því að brotaþoli hefði sagt sér, í eigin persónu, að hún ætlaði að kæra þann mann til lögreglunnar, og tilgangur þess hefði verið að fá brotaþola ofan af því að kæra málið til lögreglu. Aðspurður um heitin „L“ og „L1“ kvað ákærði það vera heiti sem brotaþoli hefði gefið sér, þ.e. breytt í sínum síma.

Ákærði kvaðst aldrei hafa hótað brotaþola og aldrei sent henni mynd af sér gegnum forritið. Brotaþoli hefði ítrekað beðið um snapp af sér, en hann hefði neitað því og kvaðst jafnframt ítrekað hafa sagt brotaþola að hver sem er gæti verið á bak við þetta auðkenni.

Ákærði kvaðst hafa verið vinur brotaþola og hafa verið skotinn í henni í byrjun kynna þeirra. Þau hefðu sem vinir rætt um alla hluti og treyst hvort öðru fyrir persónulegum málum sínum. Ákærði kvað vinasamband sitt við brotaþola

hafa staðið þar til hann hóf samband við aðra stúlku í árslok 2016. Hann kvað samband sitt við brotþola aldrei hafa verið kynferðislegt, en hún hefði sent honum myndir af sér, þ.e. honum sjálfum sem X.

Ákærði viðurkenndi að hafa hitt brotþola í tvígang á hóteli í [...]. Þau hefðu rætt um að hittast, hún hefði sótt það fast. En hann hefði viljað „halda þessu nafnlausu“. Þá hefði komið upp hugmynd um að brotþoli yrði með bundið fyrir augu. Hann hefði svo pantað hótélherbergi. Ákærði kvaðst hafa verið kominn á staðinn á undan brotþola og beðið inni á baði. Samskipti þeirra á staðnum hefðu farið fram gegnum Snapchat. Ákærði kvað brotþola hafa hætt við í fyrra sinnið og farið heim. Hann hefði samþykkt það. Brotþoli hefði svo viljað endurtaka þetta. Hann hefði þá aftur pantað hótélherbergi og verið mættur inni á baði þegar brotþoli kom á staðinn. Samskiptin hefðu þá einnig verið gegnum Snapchat. Brotþoli hefði klætt sig úr öllu nema nærfötum. Hann hefði komið fram og þá hefði brotþoli verið með svefngrímu fyrir augunum. Hann hefði svo bundið hendur hennar. Þau hefðu eitthvað kysst. Brotþoli hefði svo farið að tala, viljað fá pásu eða eitthvað. Hann hefði þá hætt við, talið að eitthvað færi úrskedis. Hann hefði því losað hendur brotþola og gengið rösklega út. Ákærði kvaðst hafa greitt fyrir herbergin í bæði skiptin. Tilganginn með þessu kvað ákærði eflaust hafa verið kynferðislegan, það hefði verið rætt. Ákærði neitaði að hafa haft samræði við brotþola í þessi skipti.

Myndir sem lagðar voru fram í málinu kvað ákærði vera myndir sem brotþoli hefði sent sér persónulega, sem X. Ákærði kvaðst hafa fengið myndir af brotþola með öðrum mönnum í samskiptum þeirra í milli undir réttum nöfnum. Ákærði kvaðst sjálfur hafa sent brotþola myndir af stelpum sem hann hitti á djamminu en ekki kynferðislegar myndir. Það hefðu verið samskipti milli sín og brotþola undir réttum nöfnum. Þá kvað ákærði brotþola hafa sent sér myndir af A á Snapchatið „A2“.

Ákærði neitaði að hafa beðið brotþola um að hitta aðra menn í kynferðislegum tilgangi eða hafa hótad henni myndbirtingu ella. Þau hefðu aðeins átt vingjarnleg samskipti. Hann kvaðst hafa reynt að hætta samskiptum við brotþola sem þá hefði hótad að fara sér að voða.

Aðspurður um það hvað honum hefði þótt um það að brotþoli ætlaði að kæra annan mann fyrir þessi samskipti kvað ákærði sér hafa liðið mjög illa með það. Hann hefði lagst í þunglyndi og ekki verið í samskiptum við hana frekar. Þá kvaðst hann hafa eytt samskiptum sínum við brotþola.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu, þess efnis að brotþoli hefði sent honum myndir af sér að totta mann í bíl, á snappið „A2“, kannaðist ákærði við að hafa játað það áður, en kvaðst nú neita því, það væri ekki rétt. Þá kannaðist ákærði

við að hafa reynt að fá brotþola ofan af því að kæra málið til lögreglu. Það hefði hann gert þar sem hún hefði hótað að „birta þetta allt“. Hann hefði ekki viljað að þetta kæmist upp vegna þess umtals sem því fylgdi. Ákærði kannaðist við að hafa hringt í brotþola úr hringdu.is. Þá kvaðst hann hafa látið brotþola halda að hann, persónulega sem X, og A, þá sem „A2“, væru að rífast sín á milli um brotþola. Kunni ákærði þó aðspurður enga skýringu á því í hvaða tilgangi hann hefði gert það. Ákærði kvað brotþola iðulega hafa sagt sér ósatt um samband sitt við A, þegar hann vissi betur.

*Brotþoli*, Y, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hún kvaðst hafa kynnst ákærða í lok árs 2014. Þau hefðu átt samskipti á Snapchat og orðið persónulegir vinir. Ákærði hefði gefið henni dýrt úr í afmælisgjöf [...] 2015, sem henni hefði fundist skrytið, því að þau hefðu ekki verið svo góðir vinir. Í [...] hefði hún fengið skilaboð á Snapchat frá auðkenninu „A2“, sem hún taldi vera strák sem hún þekkti og var vinur hennar á Facebook og hún hafði hitt í veislu. Henni hefði þótt skrytið að sá strákur, A, væri undir þessu auðkenni á Snapchat, þar sem vinkona hennar hefði verið í samskiptum við hann á þeim samskiptamiðli undir öðru auðkenni, þ.e. „A“. Hún hefði því spurt viðkomandi sérstaklega um þetta og fengið það svar að það auðkenni væri bilað. Brotþoli kvað samskiptin fljótt hafa orðið mikil og persónuleg. Hún hefði fljótlega fengið beiðnir um myndir af sér og ekki fengið frið, dag né nótt. Samskiptin hefðu byrjað sakleysislega en stöðugt orðið grófari. Hún hefði verið farin að senda honum myndir af sér, allt að nakinni. Ákærði hefði hins vegar ekki sent henni myndir af sér. Kvaðst brotþoli ekki hafa óskað eftir slíku. Brotþoli kvað ákærða oftast hafa beðið um myndir í góðu.

Brotþola sagðist svo frá að í nóvember 2015 hefði ákærði sagt sér að hann væri hættur með kærustunni sinni og vildi hitta brotþola á hóteli. Hann væri ekki tilbúinn að koma með stelpu heim til foreldra sinna strax. Hann hefði sagst hafa sérstakar langanir til þess að brotþoli yrði þá bundin og með bundið fyrir augu. Þau hefðu svo í framhaldinu hist á hóteli. Þegar hún kom á staðinn hefði ákærði verið þar fyrir, inni á baði. Hún hefði lagst á rúmið, ákærði bundið fyrir augu hennar og bundið hendur hennar. Þau hefðu haft kynmök og ákærði svo farið. Seinna um kvöldið hefðu þau rætt saman og ákærði þá sagst hafa verið að ljúga, hann væri enn með kærustunni. Það hefði valdið henni vonbrigðum. Brotþoli kvaðst hafa hitt ákærða aftur á hótelinu síðar, að hans ósk. Atvik hefðu þá verið með sama hætti. Ákærði hefði beðið inni á baðherbergi en hún klætt sig úr öllu nema nærfötum. Ákærði hefði fært hana úr þeim og bundið fyrir augu hennar og bundið hana á höndum. Hann hefði kysst hana og þau haft samræði.

Brotþoli sagði ákærða oft hafa verið mjög reiðan og í raun stjórnað henni. Hann hefði hrósað sér og rífið niður til skiptis og ítrekað hótað að birta af henni

myndir ef hún gerði ekki eins og hann segði. Þannig hefði hann fengið hana til að hitta mann í bílakjallara, sem hún hefði veitt munnmök og tekið upp á Snapchat og sent ákærða. Þetta kvað brotþoli hafa átt sér stað í tvígang með sama manni með einhverju millibili.

Þá hefði ákærði beðið sig að búa til Tinder-aðgang og stilla aldur sinn hærri en hann væri í raun og veru. Hún hefði svo verið í sambandi við ákærða um öll samskipti við mann í gegnum það forrit. Þetta hefði leitt til þess að maður að nafni G hefði sótt hana heim. Hann hefði ekið á [...] og starfað [...]. Hún hefði stöðugt verið í símanum á meðan, í samskiptum við ákærða og fylgt fyrirætlum hans. Þau hefðu ekið að [...] þar sem hún hefði veitt mannum munnmök og hann tekið það upp og hún svo sent ákærða myndbandið.

Þá greindi brotþoli frá því að ákærði hefði skipað henni að fara heim með strák sem hún þekkti, F, og viljað fylgjast með því sem fram fór. Ákærði hefði orðið brálaður af því að hann heyrði ekki nægilega vel hvað fram fór gegnum símann. Hann hefði þá sent sér sms á hringdu.is, verið mjög reiður og sagt m.a: „Viltu að ég beili á þér“. Brotþoli kvað ákærða hafa verið ótrúlega stjórnsaman og hafa haft tök á sér.

Brotþoli kvaðst hafa verið hrifin af ákærða en líka hrædd við hann, hann hefði verið yfirþyrmandi reiður, og hótad sér ítrekað með myndbirtingum. Brotþoli kvað ákærða hafa verið mjög forvitinn um sín persónulegu mál og samskipti við stráka. Brotþoli sagði að sér liði eins og hún hefði verið heilapvegin. Hún kvaðst ítrekað hafa eytt aðgangi ákærða, sem þá hefði búið til önnur og ný auðkenni, eins og „K“, hún hefði þó vitað að það væri ákærði, það hefði hún ráðið af samskiptunum við hann.

Brotþoli kvaðst í upphafi hafa notað sitt aðgangsheiti í samskiptum við ákærða sem hefði svo beðið sig að útbúa annað eða hann hefði útbúið sérstakt auðkenni fyrir hana, „K2“, sem hún hefði svo notað í samskiptum við hann á Snapchat. Ákærði hefði sent sér skilaboð gegnum hringdu.is um það hvenær hún ætti að koma inn á Snapchat.

Þá kvaðst brotþoli hafa séð samskipti milli ákærða, X, undir eigin auðkenni við A2/K á Snapact. Þar hefði ákærði sett á svið rifrildi milli þeirra, þar sem ákærði persónulega hefði tekið upp hanskan fyrir brotþola gagnvart þeim sem hún taldi vera A.

Brotþoli kvaðst ekki hafa sent ákærða, þ.e. X, í eigin persónu myndir af sér fáklaeddi nema að beiðni „A2“. Brotþoli kvaðst oft hafa reynt að hætta þessum samskiptum, en ákærði hefði endalaust sent sér sms og lofað öllu fögru og beðist fyrirgefningar. Kvaðst brotþoli hafa viljað annaðhvort hætta sambandi við „A2“ eða fara að hitta viðkomandi. Hún hefði ekki viljað eiga bara Snapchat-kærasta.

Ástæðu þess að hún lagði fram kæru á hendur A kvað brotþoli hafa verið þá að sér hefði liðið ömurlega, hún hefði verið að bugast vegna þess sem ákærði hafði fengið hana til að gera. Hún hefði sagt vinkonu sinni, M, frá þessum samskiptum. Hún hefði þá orðið hissa á því að brotþoli og A væru enn í samskiptum. M hefði rætt þetta við C, sameiginlega vinkonu hennar og A. C hefði í framhaldi af því haft samband við A sjálfan. Kvað brotþoli A þá hafa haft samband við sig og rifist við sig um þetta.

Þá kvaðst brotþoli hafa greint samstarfskonum sínum, O og B, frá þessu enda hefði hún þá varla getað farið í vinnuna. Þá hefði hún leitað í Bjarkarhlíð og rætt við N lögreglukonu. Brotþoli kvaðst hafa viljað kæra atvikin um mennina þrjá, en í raun ekki annað. Ekki atvikin á hótelinu, þar sem hún taldi að þar hefði A verið mættur en ekki ákærði.

Brotþoli kvað sér hafa liðið mjög illa vegna þessa. Hún hefði alltaf verið á nálum, óvenju reið, sofið illa, borðað lítið og mætt illa í vinnu.

Aðspurð kvaðst brotþoli alltaf hafa staðið í þeirri trú að hún væri að tala við A á þessu snappi og aldrei dottið annað í hug. Hún kvaðst halda að hún hefði sent ákærða að minnsta kosti 100 myndir af sér.

Vitnið A kom fyrir dóm og greindi frá því hann hefði heyrt af málinu fyrst þegar vinkona hans, C, hafði samband við hann og ásakað hann um eitthvað sem ekki átti sér stoð í raunveruleikanum. Þetta taldi vitnið hafa verið í maí 2017. Áður hafði hann þó heyrt einhverjar sögur um sig og brotþola á einhverju hótélherbergi.

Vitnið taldi sig hafa kynnst brotþola árið 2016-2017, en hefði áður vitað hver hún var. Þau hefðu hist eða verið að „deita“ í kannski tvo mánuði. Á samskiptamiðlum hefðu samskipti þeirra verið á Facebook, með sms og á Snapchat. Þar hefði hann notað auðkennið „A“. Vitnið kvaðst ekki hafa notast við auðkennið „A2“. Þeirra samskipti hefðu aðeins verið spjall um daglegt líf. Vitnið kvaðst einu sinni hafa fengið mynd frá brotþola gegnum samskiptamiðil, bara ögrandi, ekki nektarmynd. Hún hefði sent sér slíka mynd eftir eitthvert spjall. Vitnið sagði sér hafa fundist eitthvað skrýtið í gangi þegar þau voru að draga sig saman, þau hefðu ekki verið samtaka, hún verið eins og komin lengra en hann í sambandinu. Hún hefði fljótlega, eftir stutt kynni, verið komin heim til hans með föt og svona, eins og meiri alvara væri í sambandinu en raunin var. Þá kvað vitnið einhverja ringulreið hafa verið í gangi í samskiptum þeirra. Hann hefði ekki alltaf verið viss um hver var í samskiptum við sig.

Aðspurður um brotþola kvað vitnið hana vera venjulega stelpu. Þá kvaðst vitnið ekki þekkja ákærða. Staðfesti vitnið að hafa á tímabili verið í sambandi með stúlku að nafni [...], árið 2015-2016, kannski í 10 mánuði eða eitt ár. Sömuleiðis kvaðst hann hafa á þessum tíma átt annríkt, verið að spila með [...], verið með [...]

og með [...]. Aðspurt kvað vitnið brotaþola aðallega hafa sakað sig um að vilja ekki viðurkenna að hafa átt í samskiptum við sig á Snapchat.

Vitnið B, fyrrverandi samstarfskona brotaþola, kom fyrir dóminn. Hún kvaðst hafa farið með brotaþola í Bjarkarhlíð. Hún og samstarfskona þeirra, O, hefðu haft áhyggjur af breyttri hegðun brotaþola. Lýsti vitnið því þannig að sér hefði fundist vera að fjara undan brotaþola. Hún hefði misst gleði sína. Brotaþola hefði liðið illa, hún hefði grátið mikið og mætt seint og illa til vinnu, meira en eðlilegt gæti talist. Vitnið kvað brotaþola hafa sent O tölvupóst, þar sem brotaþoli hefði sagst hafa verið í erfiðu sambandi og í framhaldi af því hefðu þær B og O sest niður og rætt við brotaþola. Í framhaldi af því hefðu þær farið með brotaþola í Bjarkarhlíð.

Vitnið C gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst vera vinkona brotaþola og besti vinur A, en þekkti ekki ákærða. Vitnið kvaðst hafa vitað að brotaþoli og A hefðu átt í sambandi um stutt skeið. Vitnið kvaðst hafa fengið símtal frá sameiginlegri vinkonu sinni og brotaþola. Sú vinkona hefði greint sér frá því að A hefði verið í samskiptum við brotaþola á leynilegu snappi í meira en ár eftir að sambandi þeirra lauk, og brotaþoli væri mjög leið vegna þeirra samskipta. Vitnið kvaðst þá hafa rætt þetta við A og krafði hann svara um það hvers vegna hann hefði komið illa fram við brotaþola. Hann hefði þá komið af fjöllum. Hún hefði þá rætt þetta frekar við brotaþola sem hefði sagt sér ýmislegt um þessi samskipti sem vitnið taldi mjög sannfærandi, staðreyndir sem pössuðu, en um leið skrýtið og ólíkt vini sínum A. Í því samhengi nefndi vitnið sem dæmi orðalag og stafsetningu á skilaboðum sem hún hafði séð hjá brotaþola.

Þá lýsti vitnið því hvernig brotaþoli hefði greint sér frá atvikum í apríl 2017. Sagði vitnið brotaþola hafa lýst því hvernig viðmælandinn á snappinu hefði náð tókum á sér og haft stjórn á sér. Hún hefði verið farin að senda honum nektarmyndir af sér, og setið undir hótunum um birtingu á þeim myndum á netinu í tengslum við allt sem ákærði vildi að hún gerði. Þá hefði brotaþoli greint sér frá því að ákærði hefði aldrei sent sér myndir af sér á móti. Einnig hefði brotaþoli sagt sér frá því að hún hefði hitt mann til að hafa við hann munnmök í tvígang í bílakjallara í [...] og sömuleiðis hitt ákærða á hóteli með bundið fyrir augu. Vitnið taldi að brotaþoli hefði staðið í þeirri trú, þegar hún sagði vitinu frá, að A hefði verið sá sem átti í hlut. Þá greindi vitnið frá því aðspurt að brotaþoli hefði sagt sér frá því að snappið hefði þvingað sig til að fara heim með einhverjum strák og taka upp meðan þau væru að sofa saman. Aðspurt sagði vitnið að brotaþoli hefði átt erfitt með að greina frá atvikum, liðið illa, verið mjög brothætt og grátið mikið.

D gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærða neitt en hafði heyrt um hann frá brotaþola. Vitnið kvað brotaþola hafa verið í

heimsókn hjá sér í nóvember 2016 og hefði þá greint sér frá því að hún hefði verið í samskiptum við A á Snapchat um tíma og þau hefðu hist á hóteli þar sem brotaþoli hefði verið með bundið fyrir augu og þau hefðu sofið saman. Brotaþoli hefði þá verið með samviskubit þar sem hún hélt að A væri á föstu, en brotaþoli hefði verið spennt fyrir A á þessum tíma og fundist hún föst í þessu.

Þá hefði brotaþoli sagt sér frá því síðar, kannski í janúar 2017, að A hefði sagt sér að gera ýmsa skrytna hluti, fara að hitta einhverja menn, og ef hún gerði það ekki ætti hann myndir af henni. Kvað vitnið brotaþola hafa liðið illa vegna þess. Nánar aðspurt sagði vitnið að brotaþoli hefði sagst hafa hitt mann í bíl og veitt honum munnmök.

Vitnið kvaðst hafa haldið að það væri A sem ætti í hlut og var viss um að brotaþoli hefði haldið svo einnig. Þá kvað vitnið brotaþola hafa hringt í sig þegar í ljós kom að svo var ekki, þ.e. að í raun hefði ákærði verið í samskiptum við brotaþola en ekki A. Kvað vitnið brotaþola hafa verið í sjokki yfir þessu.

Aðspurt kvað vitnið brotaþola hafa greint sér frá því að brotaþoli hefði tekið myndir að kröfu A, þegar hún var með tveimur nafngreindum mönnum. Brotaþoli hefði verið miður sín vegna þessa, hún hefði verið veik fyrir A en ekki þessum mönnum. Vitnið kvað brotaþola oft hafa hringt í sig hágrátandi vegna þessa og skammast sín. Aðspurt um það hvort vitnið hefði merkt breytingu á brotaþola á þeim tíma sem um ræðir áréttaði vitnið að það byggi í [...] og væri ekki í daglegum samskiptum við brotaþola. Kvað vitnið brotaþola hafa liðið ömurlega og skammast sín en samt um leið verið ótrúlega skotin í manninum á sama tíma. Hún hefði verið þunglynd og með kvíða, farið að djamma svolítið mikið og grátið mikið.

E kom fyrir dóm og kvaðst hafa verið vinkona brotaþola frá því í í barnsku. Vitnið greindi frá því að brotaþoli hefði hitt ákærða þegar þau voru saman í framhaldsskóla. Ákærði hefði haft áhuga á brotaþola en sá áhugi ekki verið gagnkvæmur. Ákærði hefði gefið brotaþola dýrt úr í afmælisgjöf sem brotaþoli hefði viljað skila en ekki fengið. Vitnið kvað þau brotaþola og ákærða hafa verið vini og ákærði hefði orðið trúnaðarvinur brotaþola sem hefði treyst honum fyrir mörgu því sem „snappið“ hefði sagt.

Vitnið kvaðst hafa vitað af Snapchat-samskiptum brotaþola og „A2“ um leið og þau hófust. Þá kvaðst vitnið hafa þekkt A fyrir. Brotaþoli hefði sagt sér frá ýmsu því sem þeim fór þar á milli, brotaþola og „snappinu“. Þessi samskipti hefðu strax orðið ágeng og kynferðisleg. Þau hefðu verið mikið saman, í símanum.

Vitnið kvað brotaþola hafa viðurkennt í drykkjuleik að hafa sent nektarmyndir af sér til einhvers og svo síðar sama kvöld að hafa hitt A á hótélherbergi bundin og með bundið fyrir augu, þar sem þau hefðu sofið saman, í tvígang.

Vitnið kvað þessi samskipti hafa haft mikil áhrif á brotþola, sem varð lokaðri, hún hefði orðið leið, breyst í skapi og verið pirruð. Vitnið kvaðst nokkrum sinnum hafa séð samskipti milli brotþola og „snappsins“. Þar hefðu verið notuð mjög niðurlægjandi orð og þessi samskipti hefðu haft mikil áhrif á brotþola og sjálfstraust hennar.

Vitnið kvaðst einnig hafa séð nektarmyndir í síma brotþola, nokkuð grófar. Þá kvað vitnið „snapparann“ hafa hót að senda foreldrum brotþola þessar myndir og setja þær á netið. Vitnið kvað brotþola hafa verið blinda af ást og ekki trú að neinu upp á þennan mann, A.

Vitnið kvað brotþola einnig hafa greint sér frá því að maðurinn hefði látið sig hitta menn í einhverjum bílakjallara í kynferðislegum tilgangi. Vitnið kvað brotþola hafa verið í rúst vegna þessa.

Vitnið kvað brotþola hafa greint sér nánar frá þessu eftir að hún hefði lagt fram kæru, t.d. að hann hefði látið hana stofna Tinder-reikning. Sömuleiðis um atvik varðandi F og P. Vitnið kvað brotþola hafa sagt frá því að „snappið“ hefði beðið hana að taka myndir af því meðan hún var með þeim og senda sér. Sömuleiðis að brotþoli hefði einhverju sinni fengið skipun um að kyssa strák sem hún hitti og senda „snappinu“ mynd af því.

Aðspurð um samband brotþola og A, þegar þau voru saman í raun og veru, svaraði vitnið því til að brotþoli hefði verið ánægð. Það hefði þó verið eins og þau væru með leikþátt. Þau hefðu bara ætlað að byrja upp á nýtt, auk þess sem vitnið taldi að brotþoli hefði ekki þorað að tala um þetta vegna þess að á snappinu hefði hann verið viðbjóðslegur, hraunað yfir hana. En haft tók á henni.

Vitnið F gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð málsins. Vitnið kvaðst hafa átt í sambandi við brotþola um tíma. Vitnið kvaðst muna til þess að eftir að því sambandi lauk hefði hann eitt sinn farið heim með brotþola, þ.e. 23. október 2016. Hann hefði verið ölvaður en minnti að þau hefðu þá átt kynferðislegt samneyti. Hún hefði svo farið snemma heim, sagt að sér væri flökurt. Vitnið lýsti samskiptum þeirra eftir þetta þannig að hann hefði skilið hana svo að hún vildi ekki eiga frekari samskipti við sig.

Vitnið G kvaðst hafa kynnst brotþola gegnum Tinder og þau hefðu ákveðið að hittast. Hann hefði sótt hana á [...] og þau hefðu farið í bíltúr. Hann hefði boðið henni að koma heim með sér en hún ekki viljað það. Hún hefði beðið sig að aka að bílastæði [...] og hún myndi þá gefa honum tott. Hann hefði átt að taka það upp á síma brotþola og senda einhverjum þriðja aðila, sem hún sagði vera kærasta sinn. Hann hefði samþykkt þetta og að þessu loknu ekið henni heim. Aðspurt kvaðst vitnið hafa tekið mynd á síma brotþola, gegnum Snapchat-forritið. Kvaðst vitnið ekki síðan hafa haft samskipti við brotþola. Þá kvað hann brotþola hafa eytt sér af

Tinder daginn eftir.

Nánar aðspurt um hvernig brotaþoli hefði komið fyrir kvað vitnið hana hafa verið venjulega stúlku, ekkert óeðlilegt við hana. Vitnið kvaðst hafa séð brotaþola á Instagram einhverjum mánuðum seinna og „addað“ henni en ekkert spáð frekar í það eða verið í sambandi við brotaþola. Vitnið kvaðst hafa starfað [...] á þessum tíma og ekið [...]. Þá kvað hann þetta hafa átt sér stað rétt fyrir jól.

Lögreglumaður nr. I kom fyrir dóminn og staðfesti að hafa hitt brotaþola í Bjarkarhlíð. Þá hefði málið snúið að öðrum manni en þeim sem ákærður var. Hún kvað brotaþola hafa lýst atvikum en brotaþoli hefði átt erfitt með að sá sem hún taldi að hefði stjórnað sér hefði látið hana hitta aðra karlmenn og eiga við þá kynferðisleg samskipti. Hún hefði verið eins og viljalaust verkfæri í höndum hans, m.a. hefði brotaþoli sagt sér frá því að hún hefði kastað upp eftir eitthvert atvikanna. Brotaþoli hefði tekið þetta mjög nærri sér og skammast sín. Sömuleiðis hefði hún greint frá atvikum á hótélherbergi þar sem hún hefði hitt mann með bundið fyrir augu.

Lögreglumaður nr. II kom fyrir dóminn. Vitnið kvað nafn ákærða hafa komið upp við rannsókn málsins, þegar frásögn brotaþola um hótélheimsókn hefði verið könnuð. Vitnið kvað ákærða ekki hafa kannast við atvik í upphafi. Vitnið kvað flestum gögnum úr sínum aðila málsins hafa verið eytt áður en rannsókn málsins hófst. Hægt hefði verið að tengja sendingar úr hringdu.is við síma ákærða. Í skýrslum af báðum aðilum hefði komið fram að þau hefðu eytt samskiptum sín á milli. En ekkert hefði komið út úr rannsóknum á sínum sem rannsakaðir voru í málinu.

Lögreglufulltrúi nr. III kom fyrir dóm og staðfesti rannsóknarskýrslu sína. Vitnið kvaðst hafa rannsakað tvo síma, Snapchat-reikninga og leikjatölvu. Engin gögn hefðu fundist sem tengdust málinu. Aðspurt kvað vitnið Snapchat-forritið hafa verið skoðað með aðgagnsorði en ekkert hefði fundist. Að öllu jöfnu geymdi þetta forrit ekki gögn nema í stuttan tíma, nema viðkomandi notandi gerði ráðstafanir til að vista gögnin. Þá kvað vitnið mun á sendingum á myndum sem teknar eru í forritinu og á myndum sem teknar eru með myndvél í síma vera þann að ef mynd er tekin í Snapchat eyðist hún, nema hún sé vistuð sérstaklega eða tekið skjáskot, meðan myndvélin vistar myndir sjálfkrafa.

H, starfsmaður í Bjarkarhlíð, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Vitnið staðfesti vottorð sem frá því stafar í málinu. Vitnið kvað brotaþola hafa greint frá sambandi sem hún átti við fyrrverandi kærasta gegnum Snapchat og ýmsu sem hann hefði fengið brotaþola til að gera; atvikum á hóteli í [...] þar sem sá sem brotaþoli var í samskiptum við hefði haft við hana kynmök. Sömuleiðis atvik er vörðuðu tvo menn, tvö skipti í bíl og atvik niðri í bæ, þar sem brotaþoli hefði

samkvæmt fyrirætlum mannsins farið heim með manni sem hún hitti í bænum. Brotapoli hefði átt við þessa menn kynferðisleg samskipti og sent ákærða staðfestingu á því.

Vitnið kvað brotþola hafa komið til sín í nokkur skipti. Hún hefði verið mjög reið. Brotþola hefði liðið mjög illa af sjálfsásökun, skömm og niðurlægingu, hún hefði átt erfitt með svefn, glímt við mikla vanlíðan og verið í ójafnvægi. Vitnið kvað allt fas brotþola hafa verið í samræmi við það sem fræðin og reynsla þess segði eiga við um þolendur ofbeldis og brotþoli hefði verið staðföst í frásögn sinni. Þá kvað vitnið það hafa verið algert áfall fyrir brotþola þegar í ljós kom að samskipti brotþola höfðu í raun verið við annan mann en brotþoli hafði talið.

Vitnið I ráðgjafi kom fyrir dóminn og staðfesti vottorð sem frá því stafar í málinu. Vitnið kvað brotþola hafa leitað til sín vegna innri spennu og kvíða. Síðar hefði hún opnað sig um áfall sem hún hefði orðið fyrir, þ.e. óeðlileg samskipti við ungan mann; kynferðislega og ráðandi hegðun, sem hefði valdið brotþola vanlíðan og kvíða og brotþola hefði verið hótað ef hún segði frá því. Vitnið kvað brotþola hafa sagt frá því að hún og hlutaðeigandi hefðu átt í sambandi en eftir að því lauk hefði hann haldið áfram að elta brotþola, verið einhvers konar eltihrellir.

Vitnið kvað brotþola hafa liðið mjög illa og haft kvíðaeinkenni. Hún hefði skammast sín og verið óttaslegin.

J sálfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína sem er meðal gagna málsins. Vitnið kvað brotþola hafa lýst samskiptum sínum við mann sem hefði þróast þannig að maðurinn náði tökum á henni og fékk hana til að gera ýmislegt kynferðislegt og hótaði henni ella að hætta með henni eða birta nektarmyndir af henni. Hún hefði gert það sem maðurinn sagði henni en liðið illa. Hún hefði svo leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingi og á bráðamóttöku.

Vitnið kvaðst hafa lagt próf fyrir brotþola og tekið geðgreiningarviðtal. Brotþoli hefði sýnt kvíðaeinkenni og alvarlegt þunglyndi. Áfallastreituröskun hefði mælst mikil og sömuleiðis lágt sjálfsmat. Þá kvað hann brotþola ekki eiga aðra áfallasögu en þá sem hún hefði greint sér frá.

## V

### *Forsendur og niðurstaða*

Ákærða er í máli þessu gefið að sök að hafa á tímabilinu frá mars 2015 til byrjunar árs 2017 sýnt af sér lostugt athæfi og sært blygðunarsemi Y er hann beitti hana blekkingum og nýtti sér villu hennar um að hann væri A í samskiptum þeirra í milli, í gegnum samskiptaforritið Snapchat, í þeim tilgangi að eiga í kynferðislegum samskiptum við hana og brjóta gegn henni með þeim hætti sem í ákæru er gerð grein fyrir í þremur tölulíðum.

### *Um 1. tl. ákæru*

Broti ákærða er nánar lýst í 1. tl. ákæru þannig að ákærði hafi fengið brotþola til að senda sér kynferðislegar myndir af henni sjálfri. Er það brot talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga með síðari breytingum.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa kynnst brotþola í framhaldsskóla. Hann hafi orðið lítillega hrifinn af henni en ekkert hafi orðið úr því annað en vinátta þeirra á milli. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa sent brotþola vinarbeiðni á samskiptaforritinu Snapchat undir öðru auðkenni en hann notaði sjálfur persónulega í því skyni að blekkja brotþola. Hefur ákærði viðurkennt, fyrir dómi og hjá lögreglu, að hafa um lengri tíma átt í samskiptum við brotþola á Snapchat undir auðkenninum „A2“ og „K“, sem „sami karakterinn“, þ.e. maður sem ynni í [...] og sem ætti kærustu að nafni [...]. Þá kvaðst ákærði fyrir dómi hafa gert sér grein fyrir því að brotþoli teldi að hún ætti í samskiptum við annan mann en sig, þ.e. A. Ákærði sagðist hafa stofnað auðkennið „K“ af því að hann hefði verið hræddur um að brotþoli kynni að ræða við A sjálfan, og þá kæmist upp um sig. Ákærði kvað samskipti sín við brotþola undir þessum formerkjum hafa verið nánast dagleg um lengri tíma og kvað brotþola oft hafa sent sér nektarmyndir í þeim samskiptum. Ákærði neitaði að hafa haft í hótunum við brotþola í þessum samskiptum. Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa átt samskipti við brotþola, sem liggja fyrir í málinu, þar sem brotþoli hefur gefið honum heitin L, L1 og L2.

Ákærði hefur ekki getað gefið skýringu á því hvers vegna hann hætti ekki þessum blekkingarsamskiptum við brotþola eða upplýsti hana um það hver hann væri í raun og veru, aðra en þá að brotþoli hefði þá hótað að slíta samskiptum við hann og að hann hefði verið hræddur um að upp um sig kæmist.

Brotþoli kvaðst fyrir dómi hafa þekkt til A er samskipti hennar og ákærða hófust gegnum Snapchat, og hefði hitt hann einu sinni í veislu. Þá hefði hann um tíma verið að hitta vinkonu hennar. Brotþoli kvaðst hafa innt hlutaðeigandi eftir því, þegar hún fékk beiðni frá honum um samskipti á Snapchat, hvers vegna hann notaðist þá við annað auðkenni en hann notaði endranær á Snapchat, og fengið þau svör að það auðkenni væri bilað og hún hefði tekið þá skýringu góða og gilda. Brotþoli kvaðst hafa verið veik fyrir A og langað að vera í sambandi við hann og því látið til leiðast. Þá hefði hann rætt við hana um ýmsa persónulega hluti úr lífi A sem ýttu undir trú brotþola um að samskiptin væru við þann mann. Brotþoli lýsti samskiptum sínum við „A2“ og „K“ þannig að hlutaðeigandi hefði byggt upp traust við hana en um leið sýnt afbrýðisemi og stjórnssemi í sinn garð. Hann hefði viljað fá að vita með hverjum hún væri og hvar og viljað fá myndir af því og t.d. beðið hana um að kyssa stráka og senda sér myndir af því. Brotþoli kvaðst hafa látið undan

Þessu vegna áhuga síns á A og ósk um að þau tækju upp „raunverulegt“ ástarsamband í stað þess að hún ætti bara Snapchat-kærasta. Undir þessum þrýstingi hefði hún látið undan óskum ákærða, m.a. um að senda honum kynferðislegar myndir af sér. Brotþoli kvað samskipti þessi fljótlega hafa orðið ágeng og ákærði beðið um myndir af sér, sem hún hefði látið undan á endanum. Ákærði hefði ítrekað lofað að hætta með hinni stúlkunni. Þau hefðu sín á milli rætt um persónulega hluti sem ættu við um A og hún því trúað því að um þann mann væri að ræða í raun og veru.

Ákærði og brotþoli hafa bæði borið um það að samskipti þeirra sem hér um ræðir hafi farið fram á samskiptamiðlinum Snapchat og þá hefði ákærði haft samband við brotþola gegnum leyninúmer eða hringdu.is. Þá bera gögn málsins það með sér. Þá greindu þau bæði frá því þegar við upphaf rannsóknar málsins að Snapchat-samskiptum sínum hefðu þau eytt. Í skýrslu lögreglufulltrúa nr. III fyrir dómi, sem rannsakaði síma og Snapchat-reikninga aðila, kom fram að engin gögn hefðu fundist þar sem tengdust málinu. Að öllu jöfnu geymdi forritið ekki gögn nema í stuttan tíma, nema viðkomandi notandi gerði ráðstafanir til að vista gögnin, ólíkt því ef myndavél á síma er notuð. Af þeim sökum hefði ekki reynst unnt að staðreyna hvort þær myndir sem liggja fyrir í málinu fóru milli aðila málsins með þeim hætti eða öðrum né heldur festa hendur á þeim fjölda mynda sem brotþoli kveðst hafa sent ákærða. Þrátt fyrir það hefur ákærði kannast við að hafa fengið kynferðislegar myndir af brotþola með þessum hætti, en neitað að hafa beðið brotþola um þær eða beitt hana þrýstingi eða hótunum til þess. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa fengið mynd af brotþola með karlmanni einu sinni.

Framburður brotþola hvað efni þessa ákæruliðs varðar hefur verið stöðugur og trúverðugur. Þá fær framburður hennar stoð í gögnum málsins og framburði vitna. Vitnið E, vinkona brotþola, kvaðst fyrir dómi hafa séð nektarmyndir í síma brotþola og kvaðst einnig hafa séð samskipti milli brotþola og ákærða á Snapchat í síma brotþola. Þar hefðu verið notuð niðurlægjandi orð og „snapparinn“ hefði hóttað að senda foreldrum brotþola þessar myndir og setja þær á netið. Kvað vitnið brotþola hafa verið blinda af ást og ekki trúað neinu upp á þennan mann, A. Vitnið D kvaðst sömuleiðis fyrir dómi hafa haft vitneskju um að brotþoli hefði sent kynferðislegar myndir til þess er brotþoli taldi vera A. Vitnið A bar fyrir dómi að framkoma brotþola, þann tíma sem þau áttu í raunverulegu sambandi, hefði verið sérkennileg og eins og brotþoli hefði verið komin lengra í sambandinu en hann.

Þá eru skýrslur þeirra H, starfsmanns Bjarkarhlíðar, og I, sem brotþoli leitað til vegna málsins, einnig til þess fallnar að renna stoðum undir frásögn brotþola. Þá liggur fyrir í skýrslu sálfræðingsins J, sem staðfest var fyrir dómi, að brotþoli hefði greint honum frá atvikum og að á sálfræðilegum prófum og í

geðgreiningarviðtali hefði brotþoli uppfyllt viðmið fyrir alvarlegu þunglyndi og áfallastreituröskun en einnig kæmi fram lágt sjálfsmat. Brotþoli hefði lýst töluverðum einkennum áfallastreituröskunar sem nánar er lýst í skýrslu hans. Þessi einkenni hefðu hamlandi áhrif á daglegt líf brotþola og því fylgdi mikil skömm og tilfinning um viðbjóð.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa látist vera annar er hann var í samskiptum við brotþola á Snapchat, og á sama tíma komið fram í eigin persónu sem vinur brotþola. Fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa upplýst brotþola um það hver hann væri, af ótta við afleiðingar þess. Ákærði kvað samskipti sín og brotþola undir auðkennisheitnum „K“ og „K2“ aðeins hafa verið milli þeirra tveggja og ekki öðrum aðgengileg. Í þeim samskiptum hefði brotþoli m.a. sent honum nektarmyndir af sér. Fyrir liggur að ákærði hafði frumkvæði að þessum samskiptum í öndverðu og kaus að eiga þessi samskipti á miðli sem alkunna er að eyðir að jafnaði þeim samskiptum sem þar fara fram, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Þá notaði ákærði einnig hringdu.is til samskipta við brotþola, þannig að ekki yrðu borin kennsl á hann. Þá kvaðst ákærði fyrir dómi hafa staðhæft við brotþola að hann væri A, þegar hann komst að því að hún hygðist kæra þann mann til lögreglu, og það hefði hann gert í því skyni að reyna að fá brotþola ofan af því. Hefði hann gert það af ótta við afleiðingar þess fyrir sig sjálfan. Með því að leika tveimur skjöldum gagnvart brotþola hafði ákærði tök á að viðhalda þeirri blekkingu sem hann beitti brotþola um lengri tíma. Sem dæmi um það bar ákærði fyrir dómi að brotþoli hefði iðulega sagt sér ósatt um samband sitt við A, þegar hann vissi betur. Að þessu virtu verður framburður ákærða þess efnis að hann hafi ekki beitt brotþola þvingunum í því skyni að fá hana til að senda sér myndir af kynferðislegum toga ekki metinn trúverðugur.

Að ofanrituðu virtu og gögnum málsins telur dómurinn sannað að ákærði hafi blekkst brotþola til þess að senda sér kynferðislegar myndir af sjálfri sér. Ákærða var að mati dómsins fulljóst að brotþoli sendi honum slíkar myndir, í þeirri trú að hún ætti í samskiptum við annan mann, mann sem hún hafði áhuga á að taka upp ástarsamband við, en ekki ákærða. Sú háttsemi ákærða var til þess fallin að særa blygðunarsemi brotþola og fól í sér lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt fyrsta tölulíð ákæru og brot hans þar talið rétt heimfært til refsíákvæðis.

#### *Um 2. tl. ákæru*

Í 2. tl. ákæru er ákærða gefið að sök að hafa þvingað brotþola til kynferðislegra samskipta við aðra karlmenn, sem fólust meðal annars í því að kyssa, hafa samræði um leggöng og stunda önnur kynferðismök með mönnunum

og láta hana taka upp og senda sér myndir, myndupptökur eða hljóðupptökur af framangreindum samskiptum, með því að hóta því að öðrum kosti að birta opinberlega kynferðislegar myndir af brotaþola.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Brotaþoli kvaðst fyrir dómi hafa verið hrifin af ákærða en líka hrædd við hann, hann hefði verið yfirþyrmandi reiður, og hótað sér ítrekað með myndbirtingum. Hann hefði í raun stjórnað sér og fengið sig til að gera hluti gegn vilja sínum. Hann hefði talið sér trú um að hún gæti bætt fyrir „brot sín í sambandinu“ með því að fara að vilja hans. Ákærði hefði verið góður við hana um tíma, eftir að hún gerði það sem hann krafðist af henni, en svo hefði allt farið í sama farið. Brotaþoli kvað ákærða hafa verið mjög forvitinn um sín persónuleg mál og samskipti við stráka.

Með þessu móti kvað brotaþoli ákærða hafa fengið sig til að kyssa ókunnan mann niðri í bæ og senda sér mynd af því og sömuleiðis í tvígang til að hitta mann í bílakjallara, sem hún hefði veitt munnmök og tekið upp á Snapchat og sent ákærða eða vistað þannig að ákærði gæti nálgast það.

Þá greindi brotaþoli frá því að 23. október 2016, er hún var úti að skemmta sér, hefði ákærði skipað henni að fara heim með strák sem hún þekkti, F, og hafa við hann samræði. Hefði ákærði viljað fylgjast með því sem þar fór fram gegnum síma. Þetta hefði hún gert en ákærði orðið brjáláður af því að hann heyrði ekki nægilega vel hvað fram fór gegnum símann. Hann hefði sent sér fjölda skilaboða á hringdu.is meðan á þessu stóð, verið mjög reiður og sagt m.a.: „Viltu að ég beili á þér“. Brotaþoli kvað sér hafa liðið mjög illa eftir þetta og hefði farið heim í leigubíl um nóttina. Ákærði hefði ekki verið ánægður með frammistöðu hennar þetta kvöld og notað það gegn henni síðar.

Brotaþoli kvað ákærða hafa fengið sig til að skrá sig á Tinder. Brotaþoli hefði svo mælt sér mót við mann eftir fyrirmælum ákærða gegnum það forrit. Sá maður, G, hefði sótt hana heim. Hann hefði ekið [...] og starfað [...]. Meðan á því stefnumóti stóð hefði brotaþoli verið í samskiptum við ákærða og tekið fyrirmælum hans. Þau hefðu ekið að [...] þar sem hún hefði veitt mannum munnmök og hann tekið það upp og hún svo sent ákærða myndbandið.

Framburður brotaþola um þau atvik sem liggja til grundvallar þessum lið ákærunnar hefur verið stöðugur og brotaþoli samkvæm sjálfri sér frá öndverðu. Er ekkert fram komið sem varpar rýrð á trúverðugleika framburðar brotaþola um þau atvik sem um ræðir. Frásögn brotaþola fær stoð í framburði vitna. Vitnið E kvaðst

nokkrum sinnum hafa séð samskipti milli brotþola og „snappsins“. Vitnið kvaðst hafa vitað til þess að „snapparinn“ hefði hótað að senda foreldrum brotþola kynferðislegar myndir af henni og setja þær á netið. Kvað vitnið brotþola hafa greint sér frá því að ákærði hefði látið sig hitta menn í einhverjum bílakjallara í kynferðislegum tilgangi og kvaðst hafa orðið vitni að því þegar brotþoli kyssti mann í miðborginni og sendi á snappið, en meintur viðtakandi, A, átti þá að vera í útlöndum.

Þá hefur vitnið F komið fyrir dóm og staðfest frásögn brotþola um að þau hefðu farið saman heim til hans úr miðbænum, 23. október 2016. Vitnið kvaðst fyrir dómi ekki muna hvort þau hefðu haft samræði umrætt kvöld eða hvort brotþoli hefði verið í símanum en taldi framburð sinn þess efnis hjá lögreglu nær lagi en minni sitt fyrir dómi. Vinkona brotþola, E, kvaðst muna eftir því að brotþoli hefði farið heim með F þetta sinn, og kvað það hafa komið sér á óvart, þar sem hún taldi að brotþoli væri hrifin af A en ekki F. Brotþoli hefði síðar sagt sér að hún hefði verið að fylgja fyrirmælum „snappsins“ um þetta. Sömuleiðis fær frásögn brotþola um þetta atvik stoð í vitnisburði þeirra D og C. Af gögnum málsins má sjá að brotþoli fékk ítrekuð skilaboð frá ákærða gegnum hringdu.is þann 23. október sem rennir frekari stoðum undir frásögn hennar af þessu atviki.

Vitnið G hefur staðfest frásögn brotþola af tildrögum fundar þeirra og samskipta og kvað það hafa verið forsendu þess að brotþoli veitti honum munnmök að hann tæki það upp á Snapchat, svo að hún gæti sent kærasta sínum. Vitnin E og D hafa bæði greint frá því að brotþoli hafi sagt þeim frá því að hún hefði að tilmælum ákærða stofnað aðgang á Tinder og þar hafi ákærði valið mann sem hún ætti að hitta og hafa munnmök við og hún hefði gert það.

Ákærði hefur neitað því sem á hann er borið í 2. tl. ákæru, en kannast við að hafa fengið mynd af brotþola að kyssa mann, en kvað hana hafa gert það að eigin frumkvæði. Ákærði kannaðist við að hafa sent brotþola sms-skilaboð sömu nótt og brotþoli fór heim með nefndum F, 23. október 2016, en sem fyrir segir fékk brotþoli þá ítrekuð sms-skilaboð gegnum hringdu.is, m.a. fyrirmæli um að slökkva á hljóði og skilaboðin „ertu að grínast“, viltu að ég beili á þér“, „2min eða ég beila“. Kvað ákærði skilaboð sín til brotþola ekki hafa falið í sér þvingun né hefði hann átt nokkurn hlut að málum.

Við mat á trúverðugleika framburðar ákærða verður að líta til þess að framburður hans um ákæruefnið hefur ekki verið stöðugur og tók breytingum undir rannsókn málsins auk þess sem ósamræmi var í framburði ákærða fyrir dómi og hjá lögreglu. Í skýrslutökum hjá lögreglu kannaðist ákærði við að hafa fengið myndir og vídeómyndir af brotþola í kynferðislegum samskiptum við menn, m.a. í bílakjallara á Smáratorgi. Þá gekkst ákærði við því hjá lögreglu að hafa beðið

brotþola um að senda sér myndir af sér með strákum. Sömuleiðis bar ákærði hjá lögreglu að brotþoli hefði ekki sent sér myndir undir hótunum, heldur til þess að „pirra“ sig, þegar hann, sem „A2“, hefði ætlað að hætta að tala við hana eða ef hún hefði séð A í eigin persónu og hann hefði ekki talað við hana. Brotþoli hefði viljað hefna sín.

Ákærði hefur viðurkennt, eins og áður var rakið, að hafa blekkst brotþola í samskiptum þeirra þannig að brotþoli taldi sig eiga í samskiptum við mann sem hún var hrifin af og langaði að eiga í ástarsambandi við. Ákærði var á sama tíma persónulegur vinur brotþola sem treysti honum fyrir persónulegum málum sínum, m.a. samskiptum sínum við ákærða undir blekkingarheitum hans. Hefur þetta að mati dómsins óhjákvæmilega áhrif á mat á trúverðugleika framburðar ákærða. Skýringar ákærða á þeim samskiptum og myndsendingum sem ákærði kannast við að hafa fengið af brotþola í þeim tilvikum sem ákæruliðurinn varðar eru að mati dómsins, í þessu ljósi, ótrúverðugar og bera þess merki að ákærði reyni að koma sér undan sök.

Ákærði hefur ítrekað haldið því fram að brotþoli hafi að eigin frumkvæði og ósk sent sér umræddar myndir og myndbönd. Skýringar ákærða á því hvers vegna brotþoli gerði það bera þess hins vegar merki að mati dómsins að ákærði gerði sér ljóst að brotþoli var eins og ofurseld þeim blekkingum sem hann beitti hana. Verður ekki annað ráðið af framburði ákærða en að hann hafi nýtt sér þann misskilning um aðstæður sem brotþoli var í til þess að fá brotþola til þessara athafna.

Framburður brotþola á hinn bóginn hefur eins og áður sagði frá öndverðu verið stöðugur og hún samkvæm sjálfri sér, í samræmi við gögn málsins og framburð vitna. Verður að þessu virtu að leggja framburð brotþola til grundvallar þeim atvikum sem um ræðir og að brotþoli hafi verið þvinguð með hótunum af hálfu ákærða til þeirra athafna er 2. tl. ákærunnar varðar.

Að ofanrituðu virtu og gögnum málsins telur dómurinn sýnt að ákærði hafi með blekkingu og hótunum fengið brotþola til þeirra athafna sem lýst hefur verið og lögfull sönnun hafi verið færð fram um sekt ákærða samkvæmt 2. tl. ákæru, og brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæðis.

### *Um 3. tl. ákæru*

Í 3. tl. ákæru er ákærða gefið að sök að hafa í tvö skipti, að kvöldi 9. nóvember 2015 og að kvöldi 13. mars 2016, mælt sér mót við brotþola á [...] [...] og eftir að hún kom þangað bundið fyrir augu hennar þannig að hún sá ekki hver hann var og haft samræði við hana um leggöng og þannig nýtt sér það að hún var í villu um hver hann raunverulega var.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áður 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu er óumdeilt að aðilar málsins hittust á nefndu hóteli í tvígang, þá daga sem greinir í ákæru. Ákærði hefur gengist við því að hafa pantað og greitt fyrir þessa hóteldvöl auk þess sem rannsóknargögn eru því til staðfestu. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að tilgangur þessara funda aðila hefði verið kynferðislegur.

Ákærði hefur borið þannig um þessi atvik að hann hafi mætt á undan brotaþola og leiðbeint henni með samskiptum gegnum Snapchat, meðan hann beið inni á baðherbergi. Brotaþoli hefði afklæðst og hann svo bundið fyrir augu hennar og bundið hana á höndum. Ákærði neitar að hafa haft samræði við brotaþola í þessi skipti. Í fyrra sinnið hefði brotaþoli viljað hætta við en í hið síðara hefði honum sjálfum snúist hugur, þar sem brotaþoli hefði farið að tala við sig og hann óttaðist að eitthvað gæti farið úrskeiðis.

Brotaþoli bar fyrir dómi að aðdragandi þessara funda hefði verið nokkur, en hún hefði viljað hitta ákærða í eigin persónu. Ákærði hefði sagst eiga sér draumóra um að hittast með þessum hætti, með leynd og hefði auk þess í fyrra sinnið ekki verið tilbúinn að koma með stelpu heim til foreldra sinna á þessum tíma, nýhættur með annarri stelpu. Brotaþoli kvaðst hafa verið með bundið fyrir augu og bundin á höndum en kvað ákærða hafa haft samræði við sig um leggöng í bæði skiptin. Hann hefði svo farið en skilið sig eftir með bundið fyrir augu. Brotaþoli kvaðst hafa mætt sjálfviljug í bæði skiptin og staðið í þeirri trú að um A væri að ræða.

Á framburði ákærða og brotaþola um þau atvik sem 3. tl. ákærðu varðar er sá aðalmunur að aðilum ber ekki saman um hvort kynmök hafi átt sér stað eða ekki. Stendur þar orð á móti orði.

Við mat á trúverðugleika aðila um þessi atvik verður litið til þess sem áður hefur verið rakið um trúverðugleika framburðar aðila málsins. Brotaþoli hefur í framburði sínum frá öndverðu verið stöðug og samkvæm sjálfri sér. Þá bera skýrslur lögreglu í málinu með sér að brotaþoli leit ekki á atvik þau sem 3. tl. ákærunnar varðar sem brot gegn sér, enda taldi brotaþoli að hún hefði í þessi skipti átt kynmök við A, með fullum vilja. Sömuleiðis bera gögn málsins og framburður vitna með sér að brotaþola var það sérstakt áfall að uppgötva hver hefði átt í hlut, þegar rannsókn málsins leiddi í ljós að þar hefði ákærði verið að verki en ekki nefndur A.

Framburður brotaþola um þessi atvik sérstaklega fær einnig stoð í frásögnum vitnanna D og E sem báðar hafa greint frá því að brotaþoli hafi lýst þessum atvikum fyrir sér á þeim tíma sem hún var í samskiptum við ákærða á Snapchat, með þeim sama hætti og brotaþoli hefur endranær gert, m.a. við komu í

Bjarkarhlíð og við lögreglu. Þar á meðal að þau hafi haft samræði í bæði þessi skipti. Þá eru niðurstöður rannsóknar sálfræðingsins J á brotaþola einnig til þess fallnar að renna stoðum undir frásögn brotaþola hvað atvik varðar.

Framburður ákærða er að mati dómsins ótrúverðugur. Ákærði hefur sem fyrr segir viðurkennt að hafa komið fram undir nafni annars manns í samskiptum sínum við brotaþola og í tengslum við þessi atvik. Undir því falska heiti afréð hann að hitta brotaþola á hóteli, í kynferðislegum tilgangi að hans sögn. Að því virtu og því sem áður hefur verið rakið um samband aðila máls þessa er það mat dómsins að leggja beri frásögn brotaþola um atvik er 3. tl. ákærunnar varðar til grundvallar.

Að öllu framanrituðu virtu er það mat dómsins að ákærði hafi beitt brotaþola blekkingu og villu um aðstæður í því skyni að hafa við hana kynmök í umrædd skipti og hafði enga ástæðu til þess að ætla að hún væri því samþykkt. Ákærði bjó svo um hnúta að brotaþoli myndi ekki komast að því hver hann væri í raun og veru, með því mæta á undan henni á hótelið og vera í felum þar til hann fékk tækifæri til að binda fyrir augu hennar og binda hana jafnframt á höndum. Er ljóst að framganga ákærða miðaði öll að því að tryggja að hann fengi sínu framgengt án þess að samþykki brotaþola lægi fyrir en ákærði hefur viðurkennt að tilgangurinn með þessu stefnumóti hafi verið kynferðislegur. Telur dómurinn að lögfull sönnun hafi verið færð fram um sekt ákærða samkvæmt 3. tl. ákærunnar.

## VI

Ákærði hefur í máli þessu verið fundinn sekur um brot gegn öllum ákæruliðum. Ákærði er fæddur [...]. Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess sérstaklega hver framganga og háttsemi ákærða var þann langa tíma sem um ræðir og brot hans áttu sér stað. Ákærði lék tveimur skjöldum í samskiptum sínum við brotaþola um lengri tíma. Ákærði kom annars vegar fram við brotaþola með blekkingum sem raunverulegur maður sem hann vissi að brotaþoli var hrifin af og hins vegar á sama tíma sem hann sjálfur, trúnaðarvinur brotaþola. Í samskiptum sínum við brotaþola nýtti ákærði sér samskiptamiðla sem örðugt er eða ómögulegt að afla sönnunargagna frá eftir á og nýtti sér leyninúmer og faldi þannig slóð sína ef svo má að orði komast. Ásetningur ákærða var því að mati dómsins einarður og brot hans bæði alvarleg og óvenjuleg. Frá því að ákærði framdi brot sitt samkvæmt 3. tl. ákæru hafa almenn hegningarlög breyst, eins og fram kemur í ákærunni, varðandi heimfærslu til refsíákvæðis. Ákærða verður því gerð refsing samkvæmt nýrri lögunum, þó þannig að ekki verður beitt þyngri refsingu en heimilt var á þeim tíma er brotin voru framin, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af ofnangreindu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár.

Réttargæslumaður brotaþola krefst miskabóta úr hendi ákærða. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart brotaþola og á hún því rétt til miskabóta út hendi hans á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á bótaskyldu ákærða þykir rétt að líta til þess að brot ákærða voru framin í trausti vinskapar aðila og áhrif þessa á brotaþola djúpstæð og alvarleg en samkvæmt matsgerð J sálfræðings er brotaþola nauðsynlegt að fá sértæka áfallameðferð við einkennum sínum vegna þess. Með hliðsjón af dómaframkvæmd og því að um fleiri brot en eitt er að ræða ákvarðast miskabætur til handa brotaþola 1.500.000 krónur, með vöxtum eins og krafist er og greinir í dómsorði.

Samkvæmt áskilnaði 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar sem nemur 7.090.873 krónum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Eggerts Páls Ólasonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns, eins og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun þóknunar lögmanns hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjögur ár.

Ákærði greiði brotaþola, Y, 1.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 8. nóvember 2015 til 1. janúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 7.090.873 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Páls Ólasonar lögmanns, 4.848.400 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns, 1.475.600 krónur.

Bergþóra Ingólfssdóttir